

## Snagar úr greinum

### ALMENNAR UPPLÝSINGAR

**Markmið:** Eykur þekkingu nemenda á trjám, tegundum trjáa og eiginleikum. Snaginn hefur nota-gildi og þjálfar leikni í vali á aðferðum og eykur hæfni í útfærslu verkefna og vinnubragða.

**Námsgreinar:** Sambætting námsgreina, náttúrufræði, smíði, list- og verkgreinar.

**Aldur:** Miðstig og elsta stig.



### VERKLÝSING

Vekefnið kynnt með sýnishornum og nemendum bent á mismunandi greinasetningar í mismunandi tegundum trjáa og innan tegunda, s.s. í birki. Fjallað um styrkleika náttúrulegs efnis, þ.e. greinafestunnar í trjánum.

Nemendur velja sér snagaefnið sjálfir og móta lögun snagans, afberkja með barkarsköfu sem skólinn á og snyrta endana með tálguhníf eða tálga snagana alla með „frá sér“ tálguaðferðinni.

Nemendur geta búið til staka snaga sem settir eru á vegg eða platta, eða fleiri snaga sem raðað er á fjöl, annað hvort úr sömu viðartegund eða úr fleiri viðartegundum til að kynna ólíkum greinasetningum og viðareiginleikum.

Lögð skal áhersla á að snögum sé fundinn tilgangur eða hlutverk þar sem þeir gera gagn fyrir nemandann eða aðra á heimilinu, s.s. fyrir fatnað, áhöld, skrautmuni eða annað það sem nemandanum dettur í hug. Nota má snagann úti sem inni.

Stærri snagar geta hentað vel fyrir stærri áhöld og verkfæri, t.d. garðslöngu, þvottaslöngu eða trjáklippur.

Láta má börkinn halda sér sé tréð fellt að vetrarlagi. Snagann má mála eða lita eftir vild.

### UNDIRBÚNINGUR, NÁMSEFNI, TÆKI OG TÓL

Vasahnífur, barkarskafa, klippur, sagir, tálguhnífur og sandpappír. Lakk, vax eða olía til yfirborðsmeðhöndlunar.

Best er að nota birki í snagagerðina þar sem greinafestan á birkinu hefur mikinn styrk og fjölbreytileika í greinasetningu, allt frá því að vera mjög þröngt yfir í mjög vítt.

Það útilokar ekki að aðrar tegundir séu notaðar, t.d. í stærri snaga, s.s. ösp, viðja, selja, fura og reynitegundir.